

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2023
UST202305-291/B.S.
10.05.00

Efni: Beiðni um umsögn - Deiliskipulag ofanflóðvarnir á Norðfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. maí sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Fyrirhugað er að gera 730 m langan þvergarð með breytilegri hæð frá 19-22 m. Einnig verða gerðar tvær þyrpingar af keilum. Um 100 m ofan við þvergarðinn verða gerðar 11 keilur og hundrað metrum ofan við þær verða gerðar aðrar 9 keilur. Keilurnar verða hver um 10 m á hæð. Efnisþörfin verður um 400.000 m³. Efni verður tekið í skeringum ofan þvergarðs og keilna.

Hér er um að ræða mannvirkjagerð áþekk þeim ofanflóðavörnum sem eru fyrir ofan byggðar á Neskaupstað. Undantekningalaust hefur verið staðið mjög vel að framkvæmdum af þessu tagi og vandað sérstaklega til frágangs mannvirkja og raskaðra svæða auk þess sem svæði við þessi mannvirki hefur verið nýtt til útivistar sem einnig kallar á sérstaklega vönduð vinnubrögð á nærsvæði mannvirkjanna.

Hér er um mikla mannvirkjagerð að ræða sem mun hafa mikil umhverfisáhrif í för með sér á framkvæmdatíma en til lengri tíma litið mun vandaður frágangur vega að mestu upp tímabundin neikvæð áhrif.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson,

sérfræðingur


Sverri Aðalsteinn Jónsson,

teymisstjóri